

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Grindavíkurbæjar, nr. 530/2022.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á B-lið 48. gr. samþykktarinnar:

1. 2. tl. breytist og orðast svo, ásamt fyrirsögn: *Samfélagsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með verkefni félagsmálanefndar skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, öldrunarmál skv. 7. gr. laga nr. 125/1999, jafnréttismál skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, málefni fatlaðs fólks skv. lögum nr. 38/2018 og húsnæðismál skv. 6. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998. Nefndin fer einnig með málefni grunnskóla, sbr. 6. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, leikskóla skv. 2. mgr. 4. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008, og tónlistarskóla skv. 3. mgr. 3. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, ásamt öðrum þeim verkefnum sem nefndinni eru falin með erindisbréfi. Nefndin er bæjarstjórn til ráðgjafar um íþróttar-, frístunda- og forvarnamál, og menningar- og safnamál, m.a. með vísan til bókasafnalaga, nr. 150/2012. Nefndin skipar fulltrúa í ungmennaráð í samræmi við samþykktir þar að lútandi.
2. 5. tl. breytist og orðast svo, ásamt fyrirsögn: *Innviðanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast skipulagsmál, sbr. 6. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, og byggingarmál, sbr. 7. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010. Einnig annast nefndin verkefni hafnarstjórnar skv. hafnalögum, nr. 61/2003, verkefni skv. lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, verkefni náttúruverndarnefndar, sbr. 14. gr. laga nr. 60/2013, og umferðarmál, ásamt öðrum þeim verkefnum sem nefndinni eru falin með erindisbréfi. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni brunavarna, framkvæmdir, veitur og eignamál.
3. 3., 4. og 8. tl. falla brott og uppfærast númer eftirkomandi töluliða í samræmi við það.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Grindavíkurbæjar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 15. júní 2026.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.